



## Hreppsnefnd 21.10.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 21. október 2004 haldinn kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Bragi Vagnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Steindór Sveinsson, Björn Halldórsson og Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri. Jafnframt var mættur Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7. okt. sl.

Fundargerð hreppsnefndar frá 7. okt. sl. lögð fram.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 14. okt. sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar 14. okt. sl.. Sveitarstjóri benti á samþykkt hafnarnefndar sem fram kemur í 2. tl. fundargerðarinnar. Þar ályktar hafnarnefnd um næstu skref í hafnarmálum á Vopnafirði. Ennfremur gerði hann grein fyrir nýrri gjaldskrá fyrir starfsemi hafnarinnar.

Hreppsnefnd tekur undir samþykkt hafnarnefndar sem fram kemur í 2. tl fundargerðarinnar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 18. okt. sl.

Lögð fram fundargerð skólanefndar frá 18. okt. sl. í 1. og 2. tl. er fjallað um gjaldskrárhækkun í leikskóla og og tónlistarskóla en tillögunum hafði verið vísað af hreppsnefnd til umsagnar í skólanefnd. Skólanefnd samþykkti einróma fyrirleggjandi tillögur að gjaldskrárbreytingum leikskóla og tónlistarskóla.

Síðan var dreift bréfi frá samninganefnd LN dags. 7. okt., þar sem fjallað er um viðræðugrundvöll kjarasamnings LN og KÍ. Nokkur umræða varð um þessi mál og að henni lokinni voru tillögur skólanefndar samþykktar samhljóða.

Björn Halldórsson óskaði að eftirfarandi yrði bókað: "Samþykki tillögur skólanefndar með þeim fyrirvara að gjaldskrármál fyrir nemendur í tónlistarskóla utan grunnskólaaldurs verði endurskoðuð um nk. áramót".

4. mál. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að breytingum v/endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2004. Gerði hann grein fyrir helstu breytingum sem fram koma í tillögunni. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að útgjöld aukist um líðlega 32 m. kr., nettó. Ráðgert er að mæta þessum umfram útgjöldum með frestun framkvæmda, auknu aðhaldi í rekstri, sölu eigna og því sem stendur út af með nýjum lántökum. Sveitarstjóri lagði síðan til að tillögunni yrði vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

Miklar umræður urðu um málið. Hreppsnefnd samþykkti síðan að fyrirleggjandi tillögu um að taka endurskoðun fjárhagsáætlunar til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

5. mál. Tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarstjórnarskipan.

Lögð fram bréf sameiningarnefndar sveitarfélaga móttakið 6. okt. sl., ásamt fylgigögnum. Jafnframt lagðar fram fyrstu tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga dags. í sept. 2004 "Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins". Samkvæmt tillögum sínum leggur Sameiningarnefndin til að þann 23. apríl nk. verði íbúum Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðahrepps gefinn kostur á að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna.

Jafnframt var lagt fram bréf Vopnafjarðahrepps til SSA og sameiningarnefndar frá 29. mars. sl., þar sem gerð er grein fyrir sjónarmiðum Vopnfirðinga varðandi þessi mál.

All mikil umræða varð um fyrirbyggjandi tillögur og lýstu fundarmenn sjónarmiðum sínum. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til næsta fundar þar sem málið verði afgreitt með sérstakri ályktun.

6. mál. Íbúáþing, tillaga.

Oddviti gerði grein fyrir hugmynd um íbúáþing á Vopnafirði. Lagði hann fram svofellda tillögu um íbúáþing:

“Hreppsnefnd samþykkir að gangast fyrir íbúáþingi á Vopnafirði. Miða skal við að þinginu verði komið á í mars eða apríl á næsta ári.

Atvinnumálafulltrúa falið að undirbúa óg leggja upp hugmynd að fyrirkomulagi íbúáþingsins.”

Nokkur umræða varð um hugmyndina.

Síðan var fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkv.

7. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundur með þingmönnum kjördæmisins kl. 20.00 á mánudagskvöld á Hótel Tanga.

Þingmenn kjördæmisins koma til Vopnafjarðar mánudaginn 25. okt. n. k. og miða við að funda með hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps milli kl. 20.00 –21.00 um kvöldið þann dag á Hótel Tanga.

b) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin í Reykjavík 1. og 2. nóv. n. k..

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.10